

8. fundur vetrarstarfsins var haldinn miðvikudaginn 11. apríl 2018 Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ.

Ingibjörg Einarsdóttir formaður bauð félagskonur velkomnar, setti fundinn, minntist einkunnarorðanna vináttunnar, trúmennskunnar og hjálpseminnar og kveikti á kertunum þremur. María Pálmadóttir tók manntal og voru 29 konur mættar á fundinn:

Þær: Björg Eiríksdóttir, Björk Einisdóttir, Bryndís Jóna Jónsdóttir, Bryndís Steinþórsdóttir, Edda Víkar Guðmundsdóttir, Fríða Bjarney Jónsdóttir, Gerður G. Óskarsdóttir, Guðný Helgadóttir, Hanna Halldóra Leifsdóttir, Helga G. Halldórsdóttir, Helga Thorlacius, Hertha W. Jónsdóttir, Hildur Jóhannesdóttir, Hildur Skarphéðinsdóttir, Ingibjörg Einarsdóttir, Ingibjörg Jóhannsdóttir, Jóhanna Einarsdóttir, Kristín Bjarnadóttir, Kristín Jónsdóttir, Kristrún Ísaksdóttir, Margrét Jónsdóttir, María Pálmadóttir, Pálína Jónsdóttir, Ragnheiður Stefánsdóttir, Ragnhildur Þórarinsdóttir, Renata Emilsson Peskova, Sigríður Jónsdóttir, Sigrún Aðalbjarnardóttir, Stefía Arnórsdóttir.

Því næst las Helga Thorlacius upp fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt með smá breytingum.

Þá fengum við góða gesti en það voru tveir nemendur úr Varmárskóla sem voru verðlaunahafar úr Stóru upplestrarkeppninni þetta vorið en keppnin varð 20 ára í Mosfellsbæ. Þau voru glæsilegir fulltrúar skólans og þau fengu sem þakklætisvott Delta Kappa Gamma spilin.

Björk Einisdóttir flutti orð til umhugsunar og var henni efst í huga hversu vel er staðið að Stóru upplestrarkeppninni í grunnskólum landsins. Hún hrósaði Ingibjörgu Einarsdóttur fyrir að hafa gert þetta mikilvæga verkefni að því sem það er. Björk hefur komið að keppninni í mörg ár sem deildarstjóri og íslenskukennari í Varmárskóla og hún er varaformaður Radda og situr mjög oft í dómnefndum víða um land..

Upplestrarkeppnin hefst á Degi Íslenskrar tungu og stendur fram á vor. Í ár voru yfir 4000 þátttakendur sem voru skráðir til verkefnisins á landinu. Í Mosfellsbæ er alltaf samkeppni um boðskort á lokahátíðina. En það er mikilvægt að taka fram að í Stóru upplestrarkeppninni eru allir sigurvegarar. Björk gerði óvísindalega könnun á upplifun nemenda í Varmárskóla og hvað þau lærðu af því að taka þátt, hvað stæði upp úr, hvað skiptir máli og hvort þeim fyndist þetta mikilvægt verkefni. Í svörum nemendanna kom m.a. fram að þau hefðu haft mest gaman af að lesa fyrir aldraða og leikskólakrakkana og að lesa upphátt heima. Þau fengu meira sjálfstraust, lærðu að túlka textann betur, lærðu að koma fram og að tala hátt og skýrt. Björk sagði að lokum að hún væri stolt af því að vinna með Ingibjörgu að þessu frábæra verkefni.

Ingibjörg formaður þakkaði Björk hlý orð í sinn garð og sagði jafnframt að innlegg hennar hefði komið sér algjörlega á óvart.

Gestur fundarins Auður Hrólfsdóttir, deildarstjóri sérnámsbrautar tók næst til máls og bauð konur velkomnar í Framhaldsskólann í Mosfellsbæ. Hún sagði okkur frá sérnámsbraut skólans sem er einstaklega vel upp byggð. Efnið sem hún fjallaði síðan um var *Móttaka nýnema : hvernig brúum við bilið milli grunn- og framhaldsskóla.*

Auður sagði að í fyrstu hefðu verið 5 nemendur á sérnámsbraut. Brautin hefði verið til húsa í litlu herbergi uppi í kvisti í gamla húsinu Brúarlandi. Svo fluttu þau í nýja byggingu Framhaldsskólans í Mosfellsbæ, en tóku með sér andann frá Brúarlandi. Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ var skipulagður sem 3 ára framhaldsskóli frá upphafi, áður en breytingarnar gengu í garð. Á sérnámsbrautinni eru nú 15 nemendur á aldrinum 18 -24 ára. Framhaldsskólabrú er fyrir nemendur sem hafa ekki nægan undirbúning frá grunnskóla. Nemendur hafa val um skóla, en nemendur úr Mosfellsbæ hafa forgang um skólavist. Auður sýndi nokkur lokaverkefni nemenda og sagði jafnframt frá því að nemendur meta sjálfir og einnig er jafningjamat. Hér var gert kaffihlé og síðan héldu umræður áfram. Þar kom m.a. fram að nemendur fara út í ýmsa áfanga eftir getu hvers og eins. Allir nemendur eru með greiningu og þau vita öll sín takmörk og greiningar. Verið er að gera þau meðvituð um hvað þau geta og hvernig þau geta haldið áfram í vinnu eða námi. Þau útskrifast eftir fjögur ár og fá sína stúdentshúfu eins og aðrir nemendur. Ingibjörg formaður færði Auði rós sem þakklæti fyrir fyrirlesturinn og móttökurnar.

Ingibjörg formaður bað konur að lesa vel forsetabréfið. Og minnti á vorþingið á Egilsstöðum. Og síðan hvatti hún konur til að mæta á aðalfundinn, sem verður að þessu sinni í bústað Herthu. Farið verður með rútu, matur og rúta kosta u.þ.b. kr. 5000. Sendar verða nánari upplýsingar síðar.

Bryndísi Steinþórsdóttur var færð rós í tilefni af endurútkomu bókarinnar *Við matreiðum*. Einnig var Jóhönnu Einarsdóttur færð rós í tilefni af heiðursviðurkenningu sem hún fékk við Illinois háskóla.

Fundi var slitið með hefðbundnum hætti og þá bauð Auður konum upp á skoðunarferð um skólann. Er óhætt að segja að allur aðbúnaður er til mikillar fyrirmyndar og mjög nútímaleg hönnun.

Fundargerð ritaði Helga Thorlacius.